

Aðalfundur LÍ
8. og 9. nóvember 2018

Ályktun um heimislækningar

Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Kópavogi þann 8. og 9. nóvember 2018 skorar á ríkisstjórn Íslands, fjármálaráðuneytið og Alþingi Íslendinga að efla heimislækningar og tryggja öllum landsmönnum sinn heimislækni og setja heimislækningar sem grunnstoð heilbrigðiskerfisins í raunverulegan forgang. Bæta þarf svo um munar fjármögnun heilsugæslunnar svo hún standi undir hlutverki sínu sem fyrsti viðkomustaður og geti tekist á við öll sín mikilvægu verkefni. Mönnun lækna í heilsugæslu er víða óviðunandi og ekki horfur á að batni nema með raunverulegri viðspyrnu stjórnvalda að höfðu samráði við Félag íslenskra heimislækna og Læknafélag Íslands.